

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Dalabyggð.

*Auðarskóli og íþróttamiðstöð í Búðardal.*

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 7. desember 2023 óverulega breytingu á deiliskipulagi Auðarskóla og íþróttamiðstöðvar í Búðardal. Breytingin felst í að byggingarreitur íþróttamiðstöðvar stækkar úr 9.600 m<sup>2</sup> í 10.750 m<sup>2</sup>. Þjónustuaðkoma að kjallara íþróttamiðstöðvar er skilgreind frá Miðbraut 6 meðfram lóðamörkum Miðbrautar 6b. Lóð Miðbrautar 6b minnkar um 65 m<sup>2</sup> vegna þjónustuvegarins. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 30. apríl 2024.*

**Hlynur Torfi Torfason** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. maí 2024